



Ársskýrsla 2024

GLEYM
MÉR
EI

Inngangur

Árið 2024 var merkilegt ár í sögu Gleym mér ei styrktarfélags. Þar má fyrst nefna nánast tvöföldun fjárfamlaga í tengslum við Reykjavíkurmarafundið og mikla fjölgun í hópi mánaðarlegra styrktaraðila í kringum átask okkar á mæðradaginn. Við erum ákaflega þakklátar fyrir alla okkar stuðningsaðila, ekki síst þar sem við vitum að mörg þeirra deila okkar reynslu.

Í apríl var Gleym mér ei tilnefnt til Lýðheilsuverðlauna forseta Íslands fyrir mikilsvert framlag í þágu lýðheilsu á Íslandi, en sóst er eftir tillögum að tilfnefningum frá almenningi og var þetta því mikil viðurkenning fyrir félagið.

Þetta ár markaði einnig upphaf mikilvægra verkefna. Þar má helst nefna opnum fæðingarstofu á Landspítalanum sem ætluð er foreldrum sem fæða andvana og þeim sem missa í eða eftir fæðingu. Stofan hlaut nafnið Bjarneyjarstofa í höfuðið á Bjarneyju Hrafnberg ljósmóður. Gleym mér ei fækki það hlutverk að útvega húsgögn á stofuna og var hún opnuð með pompi og prakt þann 15. október.

Á árinu fór einnig af stað, í samráði við spítalann, verkefni til að styðja betur við þau sem missa á fyrstu tólf vikum meðgöngunnar, en oft hefur vantað upp á stuðning við þennan hóp.

Pá tók Gleym mér ei formlega við því mikilvæga verkefni að sjá um að útvega faglærða ljósmyndara til þeirra sem missa barn sitt á meðgöngu eða í faðingu á Landspítalanum.

Við héldum svo uppteknum hætti við önnur verkefni eins og að dreifa *Minningarkössum*, litlum fötum og teppum á spítala landsins, veita ráðgjafasamtöl, og skipuleggja stuðningshópastarf og viðburði fyrir okkar skjólstæðinga og aðstandendur þeirra.

Það má með sanni segja að stuðningur við félagið hafi aldrei verið meiri. Við leggjum mikið upp úr því að vera í nánu sambandi við okkar fólk og erum við þakklátar þeim sem hafa tekið þátt í okkar starfi á liðnu ári.

Kærar þakkir fyrir stuðninginn!

Hólmfríður Anna Baldursdóttir
stjórnarformaður Gleym mér ei styrktarfélags



Stuðningur og þjónusta

Í samvinnu við spítala, stofnanir, ráðuneyti, fagaðila, sjálfboðaliða og styrktaraðila stendur Gleym mér ei að fjölda verkefna sem miða að því að veita stuðning og þjónustu til foreldra sem hafa misst á meðgöngu, hvar sem þau eru í sorgarferlinu. Félagið leggur mikla áherslu á samtal við sína skjólstæðinga til að gera þjónustuna betri með hverju árinu.

Minningarkassar, teppi og föt

Þegar foreldrar missa barn á meðgöngu er mikilvægt að hjálpa þeim að skapa minningar um barnið og búa til fallega umgjörð í kringum missinn. Gleym mér ei hefur átt gott samstarf við spítala landsins um árabil, m.a. með því að gefa *Minningarkassu* til foreldra, lítil föt á börnin eða öskju fyrir þau allra minnstu, teppi, kælivöggur og myndavélar. Þetta hefur verið eitt helsta áherslumál Gleym mér ei síðustu árin.

Fjöldi sjálfboðaliða um allt land hafa saumað föt, prjónað teppi og heklað hjörtu og kann Gleym mér ei þeim hjartans þakkið fyrir.

Í *Minningarkassanum* er upplýsingaefni, kertastjaki, tuskudýr, gifsmót fyrir litlar fætur og hendur, box fyrir hárlokk, skartgripir og fleira sem hjálpar foreldrum að varðveita minningu litla ljóssins síns. Sjálfboðaliðar pakka í kassana og félagið sér um að dreifa þeim á spítala landsins eftir þörfum.

Árið 2024 dreifði Gleym mér ei um 90 Minningarkössum.

Ljósmyndaverkefni á Landspítalanum

Árið 2023 leitaði Landspítalinn til félagsins um að fá faglærða ljósmyndara til að taka myndir af börnum sem fæðast andvana eftir 22 vikna meðgöngu. Mikilvægt er að foreldrar hafi aðgang að faglegrí ljósmyndun, sér að kostnaðarlausu, til að varðveita minninguna um börnin sín.

Gleym mér ei tók við keflinu af Porkeli Porkelssyni, ljósmyndara Landspítalans, sem sinnt hafði verkefninu í áraraðir, og var hann félaginu innan handar við undirbúning og þjálfun ljósmyndara.

Verkefnið þróaðist í samstarfi við Sigríði Ólafsdóttur (Sissu), skólastjóra Ljósmyndaskólans, en hún tók þátt í öllu undirbúningsferlinu og heldur áfram að sjá um framkvæmd verkefnisins ásamt Gleym mér ei.

Við þökkum þeim kærlega fyrir að taka svona vel utan um verkefnið með okkur, og öllum ljósmyndurum sem standa nú vaktina alla daga og munu mæta á staðinn þegar kallið berst frá spítalanum.



Stuðningur og þjónusta

Stuðningur við foreldra í sorgarferlinu

Í samvinnu við Sorgarmiðstöð hefur þjónusta við þau sem missa á meðgöngu og í eða fljótegla eftir fæðingu aukist hjá Gleym mér ei síðustu árin.

Félagið býður núna upp á stuðningshópa í Sorgarmiðstöðinni fyrir þau sem missa á 12 til 22 viku meðgöngu. Einn stuðningshópur var skipulagður að vori, þar sem níu einstaklingar tóku þátt. Landspítalinn sér um stuðningshóp fyrir þau sem missa eftir 22 vikna meðgöngu, en Gleym mér ei styður þann hóp með ýmsum hætti.

Gleym mér ei býður einnig upp á ráðgjafasamtöl, en alls voru hátt í tuttugu slík samtöl veitt á árinu. Þar komu til okkar foreldrar sem hafa misst en einnig aðstandendur þeirra.

Þá voru nokkrir í hefðbundnum jafningjastuðningi, en þar eru reyndari einstaklingar eða foreldrar þjálfuð og pöruð saman við þá sem hafa nýlega misst og hittast þau í nokkur skipti við óformlegri aðstæður.

Jafningjastuðningur Gleym mér ei

Í sorgarferlinu er mjög algengt að finna fyrir ein manaleika og þá getur verið gott að fá stuðning frá einhverjum sem hefur gengið í gegnum svipaða reynslu. Jafningi veitir mikilvæga speglun á reynslu, hugsanir, upplifanir og tilfinningar. Skilningur sem myndast í slíku samtali er mörgum mikilvæg huggun á erfiðum tíum.

Gleym mér ei leggur áherslu á að veita faglegan jafningjastuðning. Allt að tuttugu einstaklingar fengu ráðgjafasamtal á árinu, níu tóku þátt í stuðningshópastarfi og enn fleiri tóku þátt í hinum ýmsu viðburðum á vegum félagsins þar sem fólk með reynslu af barnsmissi á meðgöngu og í/efstir fæðingu komu saman.

Tækifæri til að deila reynslu sinni með þeim sem geta veitt slíkan skilning er ómetanlegur partur af sorgarferlinu.



Stuðningur og þjónusta

Bjarneyjarstofa opnar á Landspítalanum

Þann 15. október, á alþjóðlegum degi tileinkuðum missi á meðgöngu og ungbarnamissi, opnaði fæðingarvakt kvennadeildar Landspítalans nýja stofu fyrir fjölskyldur sem eignast andvana börn eftir 22 vikna meðgöngu.

Mikil þörf hefur verið á slíkri stofu, en hún er mikilvægur liður í að hjálpa fjölskyldum að skapa minningar með barni sínu í fallegu umhverfi þrátt fyrir erfiðar aðstæður og mikla sorg.

Gleym mér ei innréttarði stofuna með stuðningi og velvild styrktaraðila á bord við Ilva, Elko og Jysk. En stuðningur almennings vegna Reykjavíkurmarafjölsins kom sér einnig vel.

Nýja stofan er nefnd Bjarneyjarstofa í höfuðið á Bjarneyju Hrafnberg Hilmarsdóttur ljósmóður (sjá mynd), en hún hefur um árabil stutt við fjölskyldur sem ganga í gegnum þessa erfiðu lífsreynslu og veitt öðrum ljósmaðrum leiðsögn í erfiðum fæðingum. Hún hefur auk þess staðið fyrir stuðningshópastarfí á Landspítalanum fyrir foreldra sem fæða börn sín andvana eftir 22 vikna meðgöngu, ásamt Dagbjörtu Eiríksdóttur djákna.



Opnun Bjarneyjarstofu markaði stór skref í löngu og farsalu samstarfí Gleym mér ei og Landspítalans. Hér eru Kolbrún Tómasdóttir, framkvæmdastjóri Gleym mér ei, og Guðlang Erla Vilhjálmsdóttir, yfirljósmóðir á fæðingarrakkt Landspítalans, á opnuninni. Guðlang Erla sá um opnun stofunnar og kom einnig að ljósmyndaverkefninu.



Margir af skjólstæðingum Gleym mér ei þekkja vel til Bjarneyjar Hrafnberg Hilmarsdóttur og því þótti það vel við hæfi að kenna stofuna við hana.

Hagsmunagæsla

Gleym mér ei stendur vörð um félagsleg og lagaleg réttindi þeirra sem missa á meðgöngu. Gleym mér ei á í samtali við fjölda foreldra sem misst hafa börn sín á meðgöngu og í/eftir fæðingu og reynir að miðla ábendingum um það sem má betur fara í réttan farveg, t.d. hjá ráðuneytum, áfallateymi LSH, ljósmæðrum, heilsugæslum, félagsþjónustunni og til annarra viðeigandi aðila.

Lög um sorgarleyfi

Lög um sorgarleyfi/styrk tóku gildi 1. janúar 2023. Stjórn Gleym mér ei hefur fundað með félags- og vinnumarkaðsráðherra til að ræða réttindi og stöðu þeirra sem missa á meðgöngu þegar kemur að sorgarleyfinu, en málid heyrir undir það ráðuneyti.

Núverandi lög leyfa foreldrum sem missa barn að sækja um sorgarleyfi, en félagið hefur bent á að lögin halli á foreldra sem fæða andvana barn eftir 22 vikna meðgöngu og þeirra sem missa á 12 til 18 viku meðgöngu.

Í haust var ætlunin að félags- og vinnumarkaðsráðherra myndi leggja til breytingar á lagafrumvarpinu sem gætu m.a. gert þeim sem missa barn eftir 22 vikna meðgöngu kleift að sækja um sex mánaða sorgarleyfi, í stað þriggja.

Ekki tókst að koma málinu að á Alþingi vegna kosninga í nóvember, en Gleym mér ei lagði þó fram umsögn um tillöguna og mun bæta sér fyrir því að frumvarpið verði tekið upp að nýju með tillögum félagsins.

Umsögnina í heild sinni má sjá á [samráðsgátt stjórnvalda](#).

Brot úr umsögn Gleym mér ei:

Breytingarnar samræmast tillögum Gleym mér ei um að veita foreldrum, sem missa barn eftir 22 vikna meðgöngu, 6 mánaða sorgarleyfi og þannig jafna rétt þeirra sem sitja oft við sama bord í sorgarúrvinnslu. Þetta er auk þess stórt skref til að útrýma þeiri úreltu hugsun að sorg vegna missis á meðgöngu eigi minni rétt á sér.

[...] Gleym mér ei hefur lagt áherslu á að sorgarleyfi fyrir þau sem missa fyrir 22 vikur fari úr tveimur í þrjá mánuði og fagnar því þeiri breytingartillögu sem nú liggur fyrir. Hins vegar leggur Gleym mér ei til að þriggja mánaða sorgarleyfi miðist við missi eftir 12 vikna meðgöngu, í stað 18 vikna.

Skimað er fyrir fósturfrávikum við 12 og 20 vikna meðgöngu. Ef fósturlát verður eða alvarlegur fósturgalli kemur í ljós í 12 vikna sónar ganga foreldrar í gegnum fæðingu með tilheyrandí álagi, bæði líkamlega og andlega.

[...] Með núverandi lögum um sorgarleyfi eru þessir foreldrar, sem missa á 12 til 18 viku, réttindalausir. Þessi hópur hefur einungis almennan veikindarétt, sem er háður velvilja vinnuveitenda, skóla og fagfólksins sem sinnir þeim.



Hagsmunagæsla

Lýðheilsuverðlaun forseta Íslands

Gleym mér ei styrktarfélag hlaut tilnefningu íslensku lýðheilsuverðlaunanna í flokki starfsheilda á árinu fyrir framlag sitt í þágu lýðheilsu. Tilnefningin var mikilvæg viðurkenning á því að verkefni og þjónusta í þágu syrgjenda er mikilvægur liður í lýðheilsu samfélagsins.

Forseti Íslands afhenti Íslensku lýðheilsuverðlaunin í annað sinn við hátiðlega athöfn á Bessastöðum í apríl 2024.

Leitað var til almennings eftir tilnefningum og ábendingar bárust úr ýmsum áttum. Guðrún Jóna Guðlaugsdóttir, sem starfar hjá Embætti Landlæknis og hefur unnið mikilsvert starf í þágu sjálfsvígsforvarna, og Grunnskólinn á Ísafirði fengu lýðheilsuverðlaunin árið 2024 og voru þau vel að verðlaununum komin.

Um lýðheilsuverðlaunin

Íslensku lýðheilsuverðlaunin voru sett á fót árið 2023 af Guðna Th. Jóhannessyni forseta Íslands. Þau eru samvinnuverkefni embættis forseta Íslands, heilbrigðisráðuneytisins, embættis landlæknis. Geðhjálpar og Íþrótt- og Ólympíusambandsins.

Verðlaununum er ætlað að vekja athygli á mikilsverðu framlagi á sviði lýðheilsu og auka með þeim hætti áhuga á bættri heilsu og líðan almennings.

Verðlaunin eru veitt í tveimur flokkum, annars vegar til einstaklings og hins vegar til samtaka, stofnumar eða fyrirtækis sem hafa látið gott af sér leiða á þessu sviði.



Kynningarmál og fjárlöflun

Gleym mér ei eykur vitundarvakningu á þeim málefnum sem snerta félagið og vinnur að því að auka skilning samfélagsins á þeiri sorg sem fylgir missi á barneignarferlinu. Félagið aflar frjálsra framlaga til að styrkja hin ýmsu verkefni, s.s. fyrir *Minningarkassana*, þjónustu við syrgjendur og rekstur félagsins.

Reykjavíkurmaráþon

Reykjavíkurmaráþonið er sem fyrr ein stærsta fjárlöflun félagsins, en árið 2024 söfnuðust tæpar 17 milljónir króna frá hlaupurum og stuðningsfólk Þeirra, sem er tvöföldun framlaga frá árinu 2023.

Þessi stuðningur er félagi sem Gleym mér ei afar mikilvægur og gerir því kleift að styrkja stoðir sínar og takast á við fjölmörg ný verkefni.

Reykjavíkurmaráþonið er ekki síst mikilvægt þar sem það gefur fólkini okkar tækifæri til að hlaupa fyrir litlu ljósin sín með nöfn Þeirra á fallegu bolunum okkar. Þetta er sannkallaður kærleiksher sem hleypur fyrir félagið ár hvert og erum við afar þakklátar.

Styrktarsöfnun meðal almennings

Gleym mér ei hóf söfnun í kringum mæðradaginn þar sem einstaklingum gafst kostur á að styrkja félagið með eingreiðslum eða gerast mánaðarlegir styrktaraðilar. Vakin var athygli á samfélagsmiðlum, með auglýsingum á visir.is og Bylgjunni (okkur að kostnaðarlausu) og greinaskrifum, auk þess sem hrингt var í folk. Alls bættust 248 einstaklingar í hóp mánaðarlegra styrktaraðila og rúm milljón safnaðist með einstökum styrkjum á netinu og með úthringingum.

Gleym mér ei var í öðru sæti í fjárlöflun meðal hjálparsamtaka fyrir Reykjavíkurmaráþonið árið 2024 og fékk viðurkenningu frá Íslandsbanka í kjölfarið. Við færum hlaupurunum og þeim sem hétu á þá bestu þakkar.



Kynningarmál og fjárlöflun

Hannyrðir og föndur

Gleym mér ei hélt hannyrðakvöld á árinu, en það er að verða fastur liður hjá félagini enda gott tækifæri fyrir fjölskyldur, og ekki síst ömmurnar, að koma saman í spjalli.

Eins og oft áður hélt Gleym mér ei einnig föndurstund fyrir jólín, eina fyrir barnafjölskyldur og aðra fyrir fullorðna. Fólk föndraði fallegt jólastraud og jólkúlur með fóta- og handaförum litlu englanna sinna. Föndurstundin í ár var afar vel sótt og það gaf okkur einstaklega mikla hlýju í hjartað.

Styrkir frá fyrirtækjum og félögum

Gleym mér ei fann fyrir mikilli velvild meðal fyrirtækja og félaga á árinu. Þá voru einnig hópar sem tóku sig saman og stóðu að söfnun og viðburðum fyrir félagið. Slíkur stuðningur er ómetanlegur enda ber hann vott um viðurkenningu og traust til félagsins og er mikilvægur þáttur í kynningarstarfi.

Helstu styrkir á árinu komu frá Ilva, Elko, starfsfólk Íslandsbanka, Kvenfélagini Dyrhólahreppi, Snær veitingum, Tannlæknastofu Hörpum Mjallar, Gleimerey kertum, foreldrafélagi leikskólans Urriðabóls, Knattspyrnudeild Víkings, Petit, Kvenfélagi Keflavíkur, Björgvinsdóttir slf., nemendafélagi Víðistaðaskóla, Trölla í Vestmannaeyjum, Lyra ehf., M hárstofu, Creditinfo, Steinunni Birnu listakonu, Salún, The Witch and the sun, Górrilla vöruhúsi, o.fl.

Að baki stuðnings þessara einstaklinga, fyrirtækja og félagasamtaka eru hjartnæmar og skemmtilegar sögur. Má þar nefna að starfsfólk Íslandsbanka var með góðgerðarleika þar sem þau völdu í kjölfarið hvaða félag þau myndu styrkja. Gleimerey kerti var sala á kertum unnið af ungum frumkvöðlum í samstarfi við Kertahúsið. Nokkrar stelpur í viðburðastjórnun stóðu fyrir tónleikunum Skýjadans. Starfsfólk á M hárstofu klippti og litaði hár á sérstökum styrktardegi, Nemendafélag Víðistaðaskóla stóð fyrir jólabingói og hluti ágóða af sölu handklæða hjá Salún rann til félagsins. Svo rétt fyrir jól gekk Trölli í Vestmannaeyjum hús úr húsi og safnaði styrkjum fyrir félagið við góðar undirtektir bæjarbúa.

Ásamt þessu voru fjölmargir einstaklingar sem lögðu styrki beint inn á reikning félagsins eða keyptu minningarkort. Þessir styrkir bárust oft í tengslum við afmæli, jarðarfari og aðra viðburði.



Fjölmargir færðu okkur teppi á árinu. Þar á meðal konur úr Vinavöðum í Ytri-Njarðvíkukirkju.



Hér má sjá Þórunni Pálsdóttur, eina af stofnendum Gleym mér ei, taka við styrk frá Trölli (Ármanni Halldóri) eftir skemmtilega söfnun í Vestmannaeyjum.

Kynningarmál og fjárlöflun

Árleg Minningarstund 15. október

Minningarstund Gleym mér ei, sem haldin er á alþjóðlegum degi meðgöngu- og ungbarnsmissis þann 15. október, er orðinn árlegur viðburður. Á Minningarstundinni gefst syrgjendum og öllum aðstandendum tækifæri til að koma saman og minnast litlu ljósanna, sem aldrei fengu að vaxa úr grasi, með fallegrí stund. Minningarstundin var að þessu sinni haldin í safnaðarheimili Kópavogskirkju og mættu um 90 manns.

Sigrún Kristínar Valsdóttir, varaformaður stjórnar Gleym mér ei, opnaði stundina í ár með því að tala um félagið og segja frá dóttur sinni Ylfu sem faðdist andvana. Séra Sigríður Kristín Helgadóttir flutti erindi um sorg og missi og Viðar Pétur Styrkársson deildi sögu sinni af Brynju Rán dóttur sinni sem faðdist andvana. Auk þess komu fram þau Rakel Pálsdóttir söngkona og Birgir Þórisson píanóleikari sem fluttu hjartnæma og fallega tónlist.

Minningarstundinni var streymt og fjölmargir nýttu sér það að venju. Myndband af streymingu má nálgast á Facebook síðu félagsins.



Viðar Pétur Styrkársson, missti frumburð sinn, Brynju Rán, eftir fulla meðgöngu. Hann deildi sögu sinni og Bjarndísar, konu sinnar, en hún situr í stjórn Gleym mér ei.



Sigrún Kristínar Valsdóttir, varaformaður stjórnar Gleym mér ei, flutti erindi í safnaðarheimili Kópavogskirkju fyrir hönd félagsins.



Séra Sigríður Kristín Helgadóttir flutti erindi um sorg og missi, en hún hefur einnig leitt stuðningsbópa Gleym mér ei og Sorgarmiðstöðvar og þekkir málefnið vel.



Rakel Pálsdóttir söngkona og Birgir Þórisson píanóleikari leiddu fram hjartnæma tóna á Minningarstundinni.

Myndir úr starfi GME 2024



Myndir úr starfi GME 2024



Fjármál og rekstur

Árið 2024 var eitt það besta í sögu félagsins hvað fjároflun varðar, en alls safnaðist **25.218.987 milljónir króna** á árinu. Í lok árs voru 236 aðilar virkir sem mánaðarlegir styrktaraðilar. Fyrir lítið félag skiptir slíkt miklu máli. Við lok árs var starfshlutfall framkvæmdastjóra hækkað úr 50% í 80% og á sama tíma tók félagið á leigu lítið herbergi í Lífsgæðasetrinu. Þetta mun styrkja stoðir félagsins og gera því kleift að taka betur á móti sínum skjólstædingum og sjálfboðaliðum, og ráðast í stærri verkefni á næstu árum.

Tekjur og styrkir


- Mánaðarlegir styrktaraðilar og
stök framlög í herferðum **3.782.000 kr.**
- Stök framlög **2.410.423 kr.**
- Reykjavíkurmarafon **16.894.615 kr.**
- Styrkir frá fyrirtækjum, félagasamtökum og
einstaklingum **2.131.949 kr.**

Samtals: **25.218.987 kr.**

Útgjöld

- Rekstur og laun **6.642.457 kr.**
- Þjónusta við syrgjendur **6.817.292 kr.**
- Hagsmunagæsla, fjároflun og
kynningarmál **4.618.107 kr.**

Samtals: **18.077.856 kr.**



Stjórn Gleym mér ei 2024

Stjórnarformaður: Hólmfríður Anna Baldursdóttir
Varaformaður stjórnar: Sigrún Kristínar Valsdóttir
Gjaldkeri: Bjarndís Helga Blöndal

Meðstjórnendur: Kolbrún Stefánsdóttir og Steinlaug Högnadóttir.

Varastjórn: Ragnhildur Helga Hannesdóttir og Harpa Rún Helgadóttir.

Framkvæmdastjóri: Kolbrún Tómasdóttir

